

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 35. gr. laga nr. 108 29. desember 1988.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðmundur Jónsson.**

Steingrímur J. Sigfússon.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 36. maí 1955, um skógrækt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðmundur Jónsson.**

Steingrímur J. Sigfússon.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 26. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.